

Minnisblað skipulagsráðgjafa

Heiti og númer verkefnis:	ENDURSKOÐUN AÐALSKIPULAGS HVERAGERÐISBÆJAR 2017-2029 Verknr. Landform er 215-030
Dagsetning:	18. okt. 2017
Málefni:	Yfirlit yfir breytingar á aðalskipulagstillögu, greinargerð og uppdrætti, sem dagsett er 5. júlí 2017 og fór í auglýsingu.

Meðfylgjandi er listi yfir efnislegar breytingar í greinargerð og uppdrætti frá auglýstri tillögu:

1. Bls. 13. Skerpt á orðalagi varðandi uppbyggingu sem frestað er fram yfir skipulagstímabil og breytt þemakort sama efnis. [Vegna athugasemda frá Mörkinni lögmansstofu fyrir hönd Tálkna ehf, lið 1.](#)
2. Bls. 38. Varðar ÍB1, lýsingu á 3ha svæði og hljóðvist, sem fjallað er um í umhverfisskýrslu, en var ekki búið að setja inn í skilmálana. [Viðbrögð við umsögn Umhverfisstofnunar.](#)
3. Bls. 43. Orðalagi við reit S8 breytt til samræmis við aðalskipulagsbreytingu frá 2016. [Leiðrétting vegna yfirlesturs og samræmingar.](#)
4. Bls. 45. Breyting á skilmálum fyrir reit VÞ6, skv. aðalskipulagsbreytingu frá 2.3.2016. [Leiðrétting vegna yfirlesturs og samræmingar.](#)
5. Bls. 46. Hlutfall gisti- og ferðapjónustu á reit AT1 aukið í 40% úr 30% auk þess að bætt er við textanum *„eða aðra verslunarþjónustu*, til þess að skerpa á því að um er að ræða blandaða þjónustu við garðyrkju. [Viðbrögð við athugasemd frá Mörkinni lögmansstofu, fyrir hönd Tálkna ehf, lið 4.](#)
6. Bls. 47. Heiti á borholu á reit I3 leiðrétt. [Viðbrögð við umsögn Veitna ohf.](#)
7. Bls. 48. Varðar OP1, greint frá aðalaðkomu að svæðinu. [Vegna athugasemdar frá Baldvini Nielsen, íbúa í Hveragerði.](#)
8. Bls. 53. Setning neðst í kafla 3.11 tekin út, sem vísar í kafla 3.16 um stakar framkvæmdir, [vegna umsagnar frá Heilbrigðiseftirlitinu.](#)
9. Bls. 55-57. Varðar kafla 3.12.3 Minjavernd. Greint frá fleiri fornleifaskráningum sem gerðar hafa verið. Texta um friðlýst hús og önnur hús sem varða gr. 29 og 30 í lögum um menningarminjar bætt við umfjöllun. Engin slík hús eru í Hveragerði. Vitnað í 21. gr. laga um menningarminjar og þemakort uppfært, [vegna umsagnar frá Minjastofnun.](#)
10. Bls. 58. Varðar HV4, bætt við í skilmála orðalagi um að heimilt sé að viðhalda og virkja borholur innan Hveragarðs. [Vegna umsagnar frá Veitum ohf.](#)

11. Bls. 68. Breytt þemakort af reiðstígum til samræmis við breytingar á skipulagsuppdrætti. [Vegna athugasemdar frá Mörkinni lögmansstofu, fyrir hönd Tálkna ehf, liðir 2 og 3.](#)
12. Bls. 69. Reiðstígar, lína 4, setningu breytt og ..meðfram raflagnabeltinu... tekið út, á ekki við. [Viðbrögð við athugasemdum frá Mörkinni lögmansstofu, fyrir hönd Tálkna ehf.](#)
13. Bls. 70. Sogslína 2. Viðbót við tvær málsgreinar: Eftir skipulagstímabilið eru áform um að *línan verði tekin niður á Sólborgarsvæðinu, í tengslum við uppbyggingu þess svæðis, sbr. minnisblað frá fundi Hveragerðisbæjar og Landsnets (Hveragerðisbær 2005).*

Hveragerðislína (HG1). Ekki er gert ráð fyrir uppbyggingu á Sólborgarsvæðinu á skipulagstímabilinu en komi til uppbyggingar þar, eru áform um að línan verði lögð í jörð í samræmi við ákvæði í deiliskipulagi svæðisins, sbr. minnisblað frá fundi Hveragerðisbæjar og Landsnets (Hveragerðisbær 2005). [Vegna umsagnar frá Landsneti.](#)
14. Bls. 72-73, kafli 3.15.3. Einföldun á texta og leiðréttingar varðandi eignarhald. Uppfært þemakort með dreifikerfi og borholum, [vegna umsagnar frá Veitum ohf.](#)
15. Bls. 78, kafli 3.16 um stakar framkvæmdir. Texta um *litlar borholur* bætt við, þar sem tekin eru dæmi um stakar skipulagsskyldar framkvæmdir og undir lið 6, er tekið út og *strandsvæðum*, [vegna umsagnar frá Veitum og Heilbrigðiseftirlitinu.](#)

Breytingar á uppdrætti frá auglýstri tillögu:

1. Legu reiðstíga sunnan við Suðurlandsveg er breytt [vegna athugasemda frá Mörkinni lögmansstofu, fyrir hönd Tálkna ehf, liður 2 og 3.](#)
2. Legu reiðstígs á reit ÍP2 er breytt, svo hann falli betur að fyrirhuguðum golfvelli. [Leiðrétting vegna yfirlesturs og samræmingar.](#)